

Heilsueflandi og grænfáni veturinn 2022-2023

Nefndina skipuðu Arnheiður Rán, Jóhanna, Sýlvía Ósk, Berna, Linda úr leikskólanum, Soffía Kristín og Valerija sem fulltrúar foreldra og fulltrúar nemenda voru Eldey, Heiðrún, Aron Dagur, Sigrún og Þórarinn. Við náðum ekki að funda öll saman í vetur og hafa verið í heildina 7 fundir yfir allt skólaárið. Það vantar að hafa fastan tíma í töflu á skólatíma fyrir þessa nefndarvinnu til að hún skili tilætluðum árangri.

Í upphafi skólaárs var ákveðið að vinna með þemun lífbreytileiki og neysla og úrgangur.

Í september tókum við þátt í Ólympíuhlaupinu og vann skólinn gjafabréf hjá Altis fyrir þátttökuna. Fyrir það gjafabréf er að skólinn að kaupa pönnuvöll til að setja á skólalóðina.

Í september var jafnframt útivistardagur þar sem allir nemendur skólans fóru í fjöruferð í Eyvíkurfjöru.

Í október vorum við með vigtun á matarafgöngum. Í lok október héldum við Mývóleikana þar sem allir nemendur skólans tóku þátt í alls konar þrautum og leikjum í íþróttahúsinu.

Í desember hlaut leikskólinn grænfánann eftir mikla vinnu og komum við til með að vinna þetta starf saman héðan í frá og fá sameiginlegan fána.

Í byrjun febrúar fékk skólinn gefins 20 pör af gönguskíðum frá Mývetning, íþrótt og ungmennafélagi. Gönguskíðin voru vel nýtt í útikennslu, frímínútum og frístund og til okkar kom Landinn og tók upp þátt um okkur.

Í febrúar tókum við þátt í lífshlaupinu, bæði nemendur og starfsfólk. Við byrjuðum lífshlaupið á því að halda 2ja tíma íþróttapartý í íþróttahúsinu. Nemendur stóðu sig að venju vel og enduðu í 4. sæti.

Í febrúar var líka vigtun matarafganga þar sem nemendur vissu ekki af því. Sú vigtun kom mun verr út en þegar nemendur vita af henni.

Í áhugasviðsvikunni í febrúar var haldinn útivistardagur upp í Kröflu þar sem nemendur renndu sér á skíðum, snjóbrettum, þotum og fóru á gönguskíði.

Í mars unnum við hópaverkefni í salnum tengt þessari vigtun þar sem nemendur vigtuðu afganga hvers dags til að gera sér grein fyrir hversu miklum mat þau voru að henda. Í leiðinni fengu allir nemendur afhent pappírsex til að safna ónýtum rafhlöðum í.

Í apríl var farið í skíðaferð til Akureyrar.

Í apríl var aftur vigtun matarafgangna þar sem nemendur vissu af henni og þá voru tölurnar mjög flottar og mjög litlu hent.

Í maí verða Þingeyjarleikar haldnir fyrir alla þrjá skólanna í Þingeyjarsveit. Þar munu nemendur fara í alls konar þrautir og leiki í nærumhverfi skólans.

Á þemadögum skólans í maí verður farið í hjólaferð með fjársjóðsleit. Einnig verður farið í Kálfaströnd og Höfða og þar verður farið í einhverja leiki. Á lokadegi skóla verður farið í frisbýggolf og sprell fyrir yngri nemendur.

Moltugerð var haldið áfram í vetur og afgangar nýttir í hæsnamat. Í vor verður gróðusettt í gróðurkassana og gróðurhúsið.

Arnheiður Rán Almarsdóttir

Bernadetta Kozaczek

Jóhanna Jóhannesdóttir

Sylvía Ósk Sigurðardóttir